



Þorleifur Eiríksson, Caroline Paulsen og Böðvar Þórisson

Greinargerð um fornleifar nærri veglínu vegna vegagerða frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði í Barðastrandarsýslum.

Inngangur

Fyrirhuguð er vegagerð frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Núverandi vegur verður byggður að mestu upp en á nokkrum köflum þarf að fara útfyrir núverandi vegstæðis og leggja nýjan veg. Kerlingarfjörður (Mjóifjörður) og Kjálkafjörður verða þveraðir.

Aðferðir

Fornleifaskráning og vettvangsathuganir voru gerðar sumarið 2008 og eru komnar út tvær skýrslur (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008a og b). Í þessu minnisblaði er gert grein fyrir fjarlægðum og hættuflokkum varðandi minjar sem eru bæði nálægt núverandi og fyrirhugaðs vegstæðis.

Við vettvangsvinnu voru hugsanlegar veglínur hafðar í huga.

Skoðað var 300 metra breitt svæði út frá ætlaðri veglínu, 150 m til hvorrar handar. Ekki voru skráðar minjar sem voru utan þessarar viðmiðunar.

Allir skráðir staðir voru mældir upp með „differential gps” stöð. Minjastöðunum var lýst og teknar ljósmyndir af hverjum stað.

Minjar voru flokkaðar eftir því hversu nálægt þær væru fyrirhuguðu vegstæði en ekki tekið tillit til hvers eðlis þær væru. Í töflu 1 má sjá flokkunarkerfið.

Tafla 1. Hættuflokkar.

Hættuflokkar	m frá miðlínu vegar	Útskýring	Aðgerðir
1	0-5	Stórhætta	Þarf að rannsaka
2	6-20	Miðlungs hætta	Rannsaka/merkja
3	21-50	Hætta	Mæla upp/merkja
4	51-100	Lítill hætta	Merkja
5	+100	Engin hætta	Engar aðgerðir

Niðurstöður

Framkvæmdarsvæðið er í fyrrum Barðastrandar- og Múlahreppi. Á svæðinu voru í lok 19. aldar 6 bæir í byggð en allir eru nú komnir í eyði nema tveir, Auðshaugur og Fossá. Vetrarseta er þó ekki á Fossá. Framkvæmdarsvæðið er að mestu innan Reykhólahrepps.

Við fornleifakönnun fundust 28 minjastaðir í eða við tilvonandi vegstæði. Flestir minjastaðirnir eru lengra en 20 metra frá vegstæðinu en nokkrir eru þó alveg við það.

Samkvæmt heimildum hófst byggð á svæðinu um 900 og má því búast við minjum frá mismundandi tímum á framkvæmdarsvæðinu. Kuml fundust í Vatnsfirði um 1970 og staðfestir það minjar frá landnámsöld á svæðinu.

Engar friðlýstar minjar fundust við heimildakönnun á svæðinu frá Vattarfirði og að Þverá í Kjálkafirði.

Kerlingarfjörður

Frá Eiðshúsi að Eiðinu eru skráðir fjórir minjastaðir, varða (139612-80:019), óþekkt tóft (139612-80:017 og 18) og íveruhús (139612-80:016).



Mynd 1. Minjar í Kerlingarfirði við Eiðshúsaá.


Frá botni Mjóafjarðar að bæjarstæði Kirkjubóls fundust engar fornminjar og ekki er líklegt að á því svæði leynist áður óþekktar minjar. Á svæðinu vestanmegin í Mjóafirði þar sem áætlað er að þvera fjörðinn sáust heldur engar fornminjar.

Í landi Kirkjubóls vestra voru skráðir 14 minjastaðir (sjá mynd 2). Fjórar minjar eru nálægt fyrirhuguðu vegstæði (≤ 50 m) en þær eru:

Útihús (139612-80:009) eru um 50 m austur af bæjarstæðinu (139612-80:001). Svæðið er þýft og það sést móta fyrir ógreinilegri rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu um 22 m.

Naust (139612-80:010) er u.þ.b. 80 metra suðaustur af bæjarstæðinu. Naustin er á bakka fyrir ofan fjöru. Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu um 39 m.

Naust (139612-80:011) er suður af bæjarstæðinu. Það sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólf vegna þess hve þýft svæðið er. Fjarlægð frá veglínu er 50 m.
 Útihús (139612-80:012) standa suðaustur af bæjarstæðinu. Tóftin er tvíhólfa og gróin. Hledslur útflattar. Fjarlægð frá veglínu er um 40 m.



Mynd 2. Minjar í Kerlingarfirði að vestan verðu.

Kjálkafjörður

Vegstæðið liggur við bæjarstæði Litlanes og eru fjórar minjar þar í hættu (mynd 3):



Mynd 3. Minjar við Litlanes og að austan verðu Kjálkafjarðar.


Bæjarstæði Litlanes (139638-81:001) er á litlum hól og síðasta húsið sem stóð á hólum samanstendur af fjórum hólum. Húsið hefur verið grjóthlaðið og standa grónar hleðslur.

Fjánhús (139638-81:002) eru beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 30 metra fjarlægð. Rústin er tvíhólfa og með garði sunnan við.

Útihús (139638-81:003) standa norðvestur af fjárhúsunum, upp undir klettum. Rústin er útflött og gróin.

Stekkur (139638-81:005) í u.þ.b 180 metra norður af bænum. Stendur alveg við þjóðveginn vestanmegin. Rústin samanstendur af þrem hólum og hafa þau verið fjárhús, hlaða og hesthús.

Við Þverá í Kjálkafirði fundust 3 minjastaðir, tóft (139779-90:004), rétt (139779-90:013) og varða (139779-90:014). Norðan við Barká er sel (139779-90:015). Ein rúst er greinileg en líklegt er að aðrar leynist undir kjarrgróðri. Sú rúst sem er greinileg er grasi vaxin og hleðslur standa í um eins meter hæð. Rústin er ferhyrnd en syðsti veggurinn er bogadregin nyrst. Selið er 113 metra vestur af þjóðveginum og er utan við framkvæmdarsvæðið (mynd 4).



Mynd 4. Minjar í vestan verðu Kjálkafirði.

Í töflu 2 eru minjar á svæðinu og fjarlægðir í þær frá núverandi vegi og enduruppbyggðum vegi. Fjarlægðirnar eru mældar frá miðlínu vegar.

Tafla 2. Minjar og fjarlægðir í þær frá miðlínu núvernadi og fyrirhugaðar vegar.

Hnit		Tegund	Hlutverk	Jörð	Nr.	Fjarlægð m		Fl.
N	V					Núv.	Nýr.	
65°34'56.9	22°52'05.8	Bæjarhóll	Bæjarstæði	Kirkjuból	139612-80:001	21	58	4
65°34'55.6	22°52'13.4	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:002	40	110	5
65°34'55.9	22°52'13.3	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:003	43	112	5
65°34'56.0	22°52'13.8	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:004	50	125	5
65°34'56.9	22°52'13.4	Garðlag	Túngarður	Kirkjuból	139612-80:005	60	125	5
65°34'58.2	22°52'12.2	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:006	69	128	5
65°34'59.6	22°52'12.3	Útihús	Fjánhús/hlaða	Kirkjuból	139612-80:007	60	144	5
65°35'01.2	22°52'04.3	Útihús	Fjánhús/hlaða	Kirkjuból	139612-80:008	72	149	4
65°34'57.5	22°52'01.7	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:009	47	22	1
65°34'54.6	22°52'00.7	Verstaða	Naust	Kirkjuból	139612-80:010	120	39	3
65°34'53.2	22°52'09.5	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:011	39	50	3
65°34'52.8	22°52'09.0	Útihús	Fjánhús/hlaða	Kirkjuból	139612-80:012	49	40	3
65°34'51.1	22°52'13.6	Útihús	Óþekkt	Kirkjuból	139612-80:013	10	77	4
65°34'50.6	22°52'13.2	Garðlag	Túngarður	Kirkjuból	139612-80:014	19	67	4
65°34'46.9	22°52'16.3	Garðlag	Túngarður	Kirkjuból	139612-80:015			
65°36'42.8	22°49'06.9	Íveruhús	Sel	Fjörður	139612-80:016	166*	51	4
65°36'45.9	22°49'02.6	Tóft	Óþekkt	Fjörður	139612-80:017	55*	129	5
65°36'42.5	22°49'07.4	Tóft	Óþekkt	Fjörður	139612-80:018	177*	44	3
65°36'37.5	22°47'17.4	Varða	Samgöngubót	Fjörður	139612-80:019	50*	50	4
65°34'02.2	22°54'32.8	Bæjarhóll	Bæjarstæði	Litlanes	139638-81:001	52	4	1
65°34'03.6	22°54'35.6	Útihús	Fjánhús/hlaða	Litlanes	139638-81:002	31	1	1
65°34'04.4	22°54'37.3	Útihús	Óþekkt	Litlanes	139638-81:003	19	5	1
65°34'00.2	22°54'30.2	Útihús	Fjánhús/hlaða	Litlanes	139638-81:004	56	19	2
65°34'07.9	22°54'40.1	Rétt	Stekkur	Litlanes	139638-81:005	5	6	2
65°34'21.8	22°54'48.9	Tóft	Óþekkt	Litlanes	139638-81:006	116	116	5
65°35'03.2	22°54'49.6	Sel	Sel	Litlanes	139638-81:007	152	152	5
65°35'47.2	22°57'31.8	Tóft	Óþekkt	Auðshaugur	139779-90:004	16	231	5
65°35'47.7	22°57'26.8	Rétt	Óþekkt	Auðshaugur	139779-90:013	231	173	5
65°36'04.5	22°57'22.8	Varða	Samgöngubót	Auðshaugur	139779-90:014	27	252	5
65°35'00.7	22°58'10.9	Sel	Sel	Auðshaugur	139779-90:015	113	114	5

*Sama fjarlægð og við innri þverun í Mjóafirði.

Umræður

Minjar við Litlanes (tafla 2) eru mjög nærri fyrirhuguðu vegstæði og hugsanlega verða þær það nálægt að ekki verður hægt að verja þær. Þær minjar þarf að rannsaka til fullnustu. Einnig eru minjar við Kirkjuból sem verða nokkuð nálægt fyrirhuguðu vegstæði og þarf því að merkja vel og hugsanlega verja þær.

Allar aðrar minjar innan 100 m frá miðlínu vegar þarf að merkja og verja ef þurfa þykir. Allar aðgerðir við og í námunda við fornleifar verða í fullu samráði við og með samþykki Fornleifaverndar ríkisins

Þakkir

Hafdísi Sturlaugsdóttur er þakkað fyrir myndvinnslu.

Heimildaskrá

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008a. Fornleifakönnun vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 15-08.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008b. Fornleifakönnun vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 16-08.